Fundargerð 15.10.26

Fisksjúkdómanefnd

Skipulag:

Fundarboðandi:	Jón Kolbeinn Jónsson	*Fundarstaður:*	Tölvupóstsamskipti
Fundarstjóri:		*Dagsetning:*	12-15. október 2026
Fundarritari:	Þóra J. Jónasdóttir	*Fundartími:*	

Fjarverandi: Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Rakel Guðmundsdóttir (f.h. Hafrannsóknarstofnunar)

Þátttakendur: Þóra J. Jónasdóttir (yfirdýralæknir og formaður Fisksjúkdómanefndar), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Guðni Guðbergsson (f.h. Hafrannsóknarstofnunar), og f.h. Matvælastofnunar Jón Kolbeinn Jónsson og Hulda Soffía Jónasdóttir (sérgreinadýralæknar/sérfræðingur fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun).

Dagskrá:

Umsókn frá DNV um Slice meðhöndlun vegna mikillar fiskilúsar á eldisseiðum og eldisfisk á eldissvæðinu í Valþjófsdal á Vestfjörðum

Umræða:

Umsókn um notkun á Slice lyfjablönduðu fóðri til notkunar á eldissvæðinu í Valþjófsdal barst frá DNV f.h. ÍS-47 til Matvælastofnunar. Matvælastofnun áframsendi gögn með tölvupósti til fisksjúkdómanefndar með beiðni um umsögn. Fisksjúkdómanefnd ákvað í ljósi þess að um stakt tilfelli væri að ræða í kjölfar þess að nýlega var fundað um sambærilega Slice meðferð á fleiri eldissvæðum á Vestfjörðum að afgreiða umsóknina með tölvupóstsamskiputm í stað fundar.

Fisksjúkdómanefnd telur mikilvægt að bregðast sem fyrst við vaxandi lúsatölum í fiskeldinu á þessum árstíma. Nefndin vill þó ítreka mikilvægi þess að rekstraraðilar tryggi samræmdar aðgerðir á eldissvæðum og hafi ávallt fullreynt önnur þekkt úrræði til aflúsunar áður en til lyfjameðhöndlunar kemur. Jafnframt er mikilvægt að fóðrun sé með þeim hætti að botnfall verði sem minnst m.t.t. lífríkis á botni.

Niðurstaða:

Í ljósi stöðunnar veitir Fisksjúkdómanefnd jákvæða umsögn um lyfjameðhöndlun með Slice í þær 10 kvíar á eldissvæðunum í innri og ytri Valþjófsdal sem sótt er um verði heimiluð.

Fisksjúkdómanefnd hvetur Matvælastofnun sem fyrr til að fylgja því eftir að rekstaraðilar hafi sannanlega gripið til ráðstafana til að lágmarka notkun lyfja við aflúsun eldisfiska.